

HIMBRIMI

Himbrimi er stór vatnafugl. Hann er fimur sundfugl og mikill kafari enda er hann einkennisfugl íslenskra heiðavatna. Hann er fiskiæta og fer einungis á land til að verpa. Himbrimi verpur í hólum eða við vatnsbakka en hann getur ekki gengið og skríður á maganum til og frá hreiðrinu.

Ungarnir byrja að synda stuttu eftir að þeir klekjast úr eggjum eða þegar þeir eru orðnir þurrir, og foreldrarnir fæða þá þangað til þeir geta farið að veiða sjálfir.

Ísland er eini varpstaður himbrima í Evrópu en hann er algengur á meginlandi Norður-Ameríku og á Grænlandi. Himbrimi er ein af ábyrgðartegundunum okkar hér á Íslandi.

